

AUGLÝSING

um samkomulag við Noreg um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2002.

Hinn 9. nóvember 2001 var undirritað í Lundúnum samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2002. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2002. Samkomulagið var staðfest af Íslands hálfu 21. desember 2001. Alþingi hafði með ályktun 12. desember 2001 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir
innan efnahagslögsögu Íslands,
efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu
Jan Mayen á árinu 2002.

Í samræmi við 3. tölul. I. viðauka við sameiginlega bókun frá 9. nóvember 2001 um niðurstöður fiskveiðiviðræðna milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskípum er á árinu 2002 heimilt að veiða allt að 132.080 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 5.900 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskípum er heimilt að veiða allt að 94.200 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2002.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í London 9. nóvember 2001.

Fyrir hönd íslensku
sendinefndarinnar:
Tómas H. Heiðar

Fyrir hönd norsku
sendinefndarinnar:
Johán H. Williams

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on Access to
the Icelandic Economic Zone and the
Norwegian Economic Zone and the Fishery
Zone around Jan Mayen in 2002

In accordance with paragraph 3 of Annex I to the Agreed Record dated 9 November 2001 of conclusions of fisheries consultations between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the management of the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the Northeast Atlantic for 2002, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2002 to fish 132,080 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62° N, of which a maximum of 5,900 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62° N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2002 to fish 94,200 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at London 9 November 2001.

For the Icelandic
Delegation:
Tómas H. Heiðar

For the Norwegian
Delegation:
Johán H. Williams